**146. löggjafarþing 2016–2017.**
**Þingskjal 697 — 498. mál.**

# Fyrirspurn

**til heilbrigðisráðherra um bifreiðakaup velferðarráðuneytisins.**

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Hversu margar bifreiðar hafa verið keyptar til afnota fyrir velferðarráðuneytið frá því í ársbyrjun 2014, af hvaða tegund eru þær, hvaða eldsneyti notar hver þeirra, hver er uppgefin eldsneytisnotkun hverrar þeirrar og hver er uppgefin losun hverrar þeirra á koltvíoxíði ($CO_2$)?
2. Hvernig samræmast bifreiðakaup fyrir ráðuneytið markmiði í tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti (146. mál) um að fimmtungur bifreiða í eigu opinberra aðila verði vistvænn fyrir árið 2020?
3. Hefur krafa um að bifreiðar sem keyptar eru til nota fyrir opinbera aðila nýti endurnýjanlega orkugjafa verið í útboðsskilmálum vegna bifreiðakaupa ráðuneytisins eða er áformað að slíkir skilmálar verði settir?

**Skriflegt svar óskast.**